

Alþingi
Erindi nr. P 130/323
komudagur 26.11.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2003

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, 312. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Þegar löggin um alþjóðleg viðskiptafélög voru sett árið 1999 lögðust Samtök iðnaðarins frekar gegn samþykkt þeirra. Þetta má sjá í umsögn Samtakanna frá 18. febrúar 1999 um mál nr. 414 á 123. löggjafarþingi. Þar var m.a. bent á að í stað sértækra aðgerða, sem í frumvarpinu fælust, væri nær að grípa til almennra lagfæringa á starfsskilyrðum, ekki síst skattkerfinu.

Nú er komið á daginn að þessi tilraun hefur mistekist og því rétt að leggja af starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga og halda frekar áfram á þeirri braut að gera almenn starfsskilyrði eins góð og best þekkjast og laða þannig erlenda fjárfestingu og umsvif til landsins samtímis því að innlend starfsemi fær betri tækifæri til að vaxa og dafna.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ólafur Steindór'.

Ólafur Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri